

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

871. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 26. maí 2015 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Afgreiðslur:

1. 1504042 Skólaakstur, útboð. Leið 7 Vatnsnes

Ákvörðun um leið 7 sem frestað var á síðasta fundi sveitarstjórnar. Fram höfðu komið ábendingar um að misræmi væri í útboðsgögnum, þar sem í samantekt er sagt að barnafjöldi á leiðinni væri 15 skólaárið 2015/2016, en í heildaryfirliti barna kemur fram á fjórum öðrum stöðum að hámarksfjöldi verði 11 öll skólaárin. Engar fyrirspurnir bárust frá bjóðendum í leið 7 á fyrirspurnartíma. Bjóðendum var ekki mismunað, þar sem allir fengu sömu útboðsgögnin.

Við nánari skoðun á tilboðsgögnum bjóðenda, verður ekki séð að bjóðendur hafi misskilið gögnin varðandi fjölda nemenda.

Eftirfarandi tilboð bárust í leið 7

Húnavirki kr. 185 pr. km. tilgreind bifreið á leiðinni var Toyota 4x4 13 farþega

Ágúst Þorbjörnsson kr. 179 pr. km. fyrir 1-13 börn og kr. 209 fyrir 14-16 börn.

Tilgreind bifreið á leiðinni var Toyota Hiace 13 farþega, eða sambærileg bifreið.

Byggðarráð samþykkir að fá álit lögfræðings sveitarfélagsins á málinu og frestar afgreiðslu til næsta fundar.

2. 1505014 og 1505017 Lagðar fram styrkumsóknir í Atvinnu- og nýsköpunarsjóð Húnaþings vestra. Tvær styrkumsóknir bárust.

Lögð fram eftirfarandi tillaga að úthlutun

Þvottahúsið Perlan, vegna fyrirhugaðrar viðbótar við tækjakost og nýja þjónustu kr. 1.200.000

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

3. Ljósleiðari. Byggðarráð samþykkir að leggja ljósleiðara samhliða

hitaveituframkvæmdum. Jafnframt verði skoðaður möguleiki á að leggja ljósleiðara víðar. Sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs falið að kanna hvort leggja þurfi fram viðauka vegna þessara framkvæmda. Sveitarstjóra falið að senda þeim bæjum sem eru á áætlun 2015 bréf og kanna áhuga þeirra fyrir tengingum. Sveitarstjóra og rekstrarstjóra falið að gera kostnaðaráætlun um lagningu ljósleiðara á þau svæði sem

ekki eru á áætlun um lagningu hitaveitu. Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Mílu ehf. um lagningu ljósleiðarans í fyrsta áfanga.

- 4. Lögð fram drög að reglum um skipan vinnuhópa hjá Húnaþingi vestra,**
Byggðarráð samþykkir framlögð drög að reglum.

Samþykkt að taka á dagskrá.

- 5. 1504038** Erindi frá nemendaráði grunnskólans sem frestað var á fundi byggðarráðs 20. apríl sl. þar sem óskað var eftir fjárframlagi vegna útskriftarveislu 10. bekkjar. Byggðarráð samþykkir 250.000 kr fjárframlag til útskriftarveislunnar. Sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs falið að leggja fram viðauka vegna framlagsins.
- 6. Byggðarráð samþykkir að næsti reglulegi fundur** sveitarstjórnar verði þriðjudaginn 9. júní nk. kl 15:00

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.17:23

Elín Jóna Rósinberg

Elín R. Líndal

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir